

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Frístundabyggð í landi Signýjarstaða. Deiliskipulagsbreyting.

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar, skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar nr. 1213/2022, samþykkti tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í landi Signýjarstaða, á afgreiðslufundi sínum 4. janúar 2023. Er um skilmálabreytingu að ræða þar sem byggingarmagn er aukið og sett hámarkshæð húsa.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 18. janúar 2023.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2023